

2144. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn þriðjudaginn 29. apríl 2014 á Laugardalsvelli og hófst kl. 16.00

Mættir: Geir Þorsteinsson, Gylfi Þór Orrason, Guðrún Inga Sívertsen, Gísli Gíslason, Jóhannes Ólafsson, Jóhann Torfason, Rúnar Arnarson, Ingvar Guðjónsson og Þórarinn Gunnarsson.

Þórir Hákonarson framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Forföll: Ragnhildur Skúladóttir, Róbert Agnarsson og Vignir M. Þormóðsson

Þetta var gjört:

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt

2. Mótamál

- Íslandsmót og bikarkeppni 2014. Staðfest niðurröðun móta liggur nú fyrir og verður nú birt á heimasíðu KSÍ. Pepsi-deild karla hefst sunnudaginn 4. maí og Pepsi-deild kvenna hefst þriðjudaginn 13. maí.
- Kynningarfundir Pepsi-deilda karla og kvenna. Kynningarfundur Pepsi-deildar karla verður haldinn í húsakynnum Ölgerðarinnar 2. maí og kynningarfundur Pepsi-deildar kvenna á sama stað 12. maí.
- „Handshake for peace“ í Pepsi-deildum. Framkvæmdastjóri greindi frá athöfn sem ætlunin er að hafa eftir alla leiki í Pepsi-deildum en þá koma fyrirliðar liðanna saman við miðju og takast í hendur á tiltekinn hátt. Verkefnið snýst um að leikmenn sýni strax að leik loknum vinskapa og virðingu sem felst í því að takast í hendur eftir leik. Með þessari táknrænu athöfn skilja liðin sem vinir og jafningjar.
- Lengjubikarinn – úrslitaleikir. FH er Lengjubikarmeistari karla eftir 4-1 sigur á Breiðablik og Stjarnan er Lengjubikarmeistari kvenna eftir 3-0 sigur á Breiðablik í úrslitaleik.
- Meistarakeppni KSÍ. KR sigraði Fram í Meistarakeppni karla 2-0 en Meistarakeppni kvenna verður 2. maí.
- Aga – og úrskurðarmál.
Á fundi Aga-og úrskurðarnefndar KSÍ, 15. apríl 2014, var Gylfi Örn Á Öfjörð, Víði, úrskurðaður í 5 leikja bann í vegna brottvísunar í leik Víðis og Ísbjarnarins í Lengjubikar karla sem fram fór 5. apríl síðastliðinn. Gylfi viðhafði háttarni er brýtur gegn 16. grein reglugerðar KSÍ um aga-og úrskurðarmál. Í samræmi við nefnda grein er Víðir jafnframt sektað um kr. 100.000.-.
Á fundi Aga-og úrskurðarnefndar KSÍ, 15. apríl 2014, var Andri Rúnar Gunnarsson, leikmaður Ísbjarnarins, úrskurðaður í tímabundið leikbann til 2 mánaða vegna brottvísunar í leik Víðis og Ísbjarnarins í Lengjubikar karla sem fram fór 5. apríl síðastliðinn. Leikmanninum er því óheimil þátttaka í öllum opinberum mótum innan vébanda KSÍ frá 15. apríl 2014 til og með 14. júní 2014.
Á fundi Aga-og úrskurðarnefndar KSÍ, 23. apríl 2014, var Hrafnkell Freyr Ágústsson, Augnabliki, úrskurðaður í tímabundið leikbann til 6 vikna vegna brottvísunar í leik Vatnaliljanna og Augnabliks í mfl. karla 16. apríl 2014. Leikmanninum er því óheimil þátttaka í öllum opinberum mótum innan vébanda KSÍ frá 23. apríl 2014 til og með 3. júní 2014.

3. Fundargerðir nefnda

- Dómaranefnd 1. apríl
- Hæfileikanefnd 21. mars
- Mótanefnd 10. apríl

4. Dómaramál

Ráðstefna landsdómara fór fram mánudaginn 14. apríl síðastliðinn en lokaundirbúningur landsdómara er nú í fullum gangi líkt og hjá leikmönnum. Ráðstefnan fór fram í höfuðstöðvum KSÍ þar sem farið var m.a. yfir áhersluatriði dómaranefndar fyrir keppnistímabilið 2014.

5. Hæfileikamótun

- Heimsóknir. Fyrir liggur dagskrá hæfileikamótunar fyrir sumarið 2014. Þorlákur Árnason mun heimsækja alla landshluta og fjölmörg félög á tímabilinu og er ætlunina að í september verði úrtökumót beggja kynja á Laugarvatni.

6. Mannvirkjamál

- Umsókn KV um undanþágu leikvallar. Fyrir liggur umsókn frá KV um undanþágu fyrir gervigrasvöll KR sem leikvöll í 1. deild karla. KV hefur þegar tilkynnt Egilshöllina sem heimavöll sinn og á þeim forsendum m.a. stóðst félagið skilyrði leyfiskerfis KSÍ fyrir lið í 1. deild. Ljóst er að gervigrasvöllur KR stenst ekki kröfur sem gerðar eru til leikvalla í 1.deild karla og á þeim forsendum er erindinu hafnað

7. A landslið karla

- Vináttuleikir
Austurríki – Ísland 30. maí. Leikið verður í Innsbruck
Ísland – Eistland 4. júní. Leikið verður á Laugardalsvelli kl. 19.15.

8. A landslið kvenna

- Undankeppni HM 2015
Sviss – Ísland 8. maí. Leikið verður á Colovray Stadium við höfuðstöðvar UEFA í Nyon.

9. Yngri landslið

- U19 karla
Milliriðill EM 2014 á Írlandi. Ísland leikur í riðli með Írlandi, Serbíu og Tyrklandi en leikið verður dagana 28. maí til 2. júní.
- U17 karla
UEFA mót á N Írlandi. Ísland tapaði gegn Wales (1-2) og Írlandi (0-1) en vann Færeyjar 5-0.
- U19 kvenna
Milliriðill EM 2014 í Króatíu. Ísland tapaði gegn Skotlandi 1-5, gegn Rússlandi 2-4 en gerði 1-1 jafntefli við Króatíu.
UEFA mót í Færeyjum. Ísland tapaði gegn Skotlandi 0-1 en vann Færeyjar 2-0.

10.FIFA

- Ársþing FIFA verður haldið í Brasilíu í tengslum við HM og verða fulltrúar KSÍ á þinginu Geir Þorsteinsson, formaður, Guðrún Inga Sívertsen, gjaldkeri og Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri.

11.Önnur mál

- Laugardalsvöllur – rekstrarsamningur við Reykjavíkurborg/flóðljós. Formaður greindi frá stöðu mála varðandi rekstrarsamning við Reykjavíkurborg vegna Laugardalsvallar og samning vegna endurnýjun flóðljósa.



- Samstarfsaðilar KSÍ. Formaður gerði grein fyrir því að búið er að endurnýja samninga við samstarfsaðila KSÍ sem allir verða áfram í samstarfinu „Alltaf í boltanum“.
- Samkomulag vegna sölu sjónvarpsréttinda. Stjórn veitir formanni heimild til að ganga til samninga við Pareteo GmbH um umboðsmennsku vegna sölu á sjónvarps- og markaðsrétti frá deild og bikar og vináttulandsleikjum á árunum 2016 – 2019.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:30